

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F94/2021

Reykjavík, 11. febrúar 2022

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra
Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík


Vísað er til bréfs ráðuneytisins 9.febrúar sl. vegna fyrirspurnar umboðsmanns í þágu athugunar embættisins í tilefni af kvörtunum og ábendingum þar sem fram koma lýsingar á því að nemendur í grunnskólum séu, með einum eða öðrum hætti, færðir frá samnemendum sínum í sérstök herbergi þar sem þeir séu látnir dvelja einir, annað hvort um skamman tíma eða jafnvel þannig að kennsla fari þar fram um eitthvert skeið.

Eins og kunnugt hóf umboðsmaður athugun á framangreindu úrræði í júní 2020 og hefur umboðsmaður og starfsmenn hans frá þeim tíma átt í bréfaskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og nokkur sveitarfélög nú síðast í haust 2021 þar sem óskað var upplýsinga um notkun slíkra herbergja. Þá heimsótti embættið þrjá grunnskóla á suðvesturhorni landsins, kannaði þar aðstæður og átti samtöl við starfsmenn skólanna.

Í framhaldinu var mennta- og barnamálaráðherra ritað bréf 8. desember sl. þar sem athygli ráðherra var vakin á ýmsum álitaefnum sem athugun umboðsmanns leiddi í ljós og hugsanlegri þörf á því að kannaðar yrðu leiðir til úrbóta í tengslum við beitingu framangreinds úrræðis, einkum hvort gildandi reglur um heimildir og verklag viðvirkjandi slíkum inn gripum gagnvart nemendum væru nægilega skýrar. Jafnframt var vakin athygli á þeim vanda sem starfsmenn skólanna hafa lýst vegna nemenda með sérþarfir og alvarlegan hegðunarvanda og kallað eftir skýrari afstöðu ráðuneytisins til notkunar einveruherbergja í því sambandi. Í bréfinu var þess farið á leit við ráðuneytið að það veitti embættinu upplýsingar um hvort það hygðist bregðast við þeim ábendingum sem fram komu í bréfinu og þá með hvaða hætti. Svar ráðuneytisins barst með fyrrgreindu bréfi 9. febrúar sl. Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið hafi í hyggju að bregðast með ýmsum hætti við þeim ábendingum sem fram koma í bréfi umboðsmanns, m.a. með því að stofna til vinnuhóps með hagsmunaaðilum í því skyni að fara yfir umræddar ábendingar.

Í ljósi þess sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins um fyrirhuguð viðbrögð þess við ábendingum umboðsmanns tel ég ekki tilefni til að halda athugun málsins áfram að svo stöddu. Áfram verður þó fylgst með málinu af hálfu embættisins og þeirri vinnu sem áformuð er í ráðuneytinu, eftir atvikum með því að halda fund með ráðherra eða fulltrúum ráðuneytisins um stöðu og framvindu þess. Þá kunna þessi málefni að verða tekin til frekari athugunar ef tilefni verður til, m.a. með hliðsjón af þeim kvörtunum og ábendingum sem umboðsmanni kunna að berast.

Virðingarfyllt


Skúli Magnússon